

Hvað er þessi „erfikenning,“ sem kaþólskir vitna í til viðbótar Heilagri ritningu?

Erfikenningin er hin munnlega arfleifð Krists og postulanna sem varðveist hefur í kaþólskri kirkju mann fram af manni og skrásett er m.a. í ritum kirkjufeðranna, sem uppi voru frá fyrstu til fjórðu aldar. Meðal tilvitnanna í ritum kirkjufeðranna er m.a. að finna hina réttu skilgreiningu og skilning á Hinu Allrahelgasta Altarissakramenti, sem stofnsett var við Síðustu kvöldmáltíðina. Biblían og erfikenningin eru því óaðskiljanleg eining. Frumkristni hófst með hinum munnlega boðskapi Krists ásamt skilgreiningu og skýringum Hans og miðlun postulanna, sem hlutu þá þekkingu í arf frá Honum --og þessvegna hugtakið erfikenning. Frumkirkjan átti sér því í upphafi aðeins munnlega hefð til uppfræðslu og skírskotunar á þeim tíma sem Nýja Testamentið var enn ekki skráð. (P 2:42) Síðar var boðskapur Krists skráður af postulunum og lærisveinum Krists fyrir tilstilli og innblástur Heilags anda, meðan erfikenningin, skilgreining og skýringar textans varðveittust innan kaþólsku kirkjunnar bæði í munnlegu og skriflegu formi. Páll postuli áminnir því lærisveina Krists að varðveita vel erfikenningar --allt sem munnlega hefur borist frá postulunum jafnt sem því skriflega: „Bræður, standið því stöðugir og haldið fast við þær kenningar, er vér höfum flutt yður munnlega eða með bréfi.“ (2P 2:15). Og Jóhannes postuli tekur í sama streng og leggur áherslu á að ekki sé allt skráð af því, sem munnlega var kennt, því „margt er það annað, sem Jesús gjörði, og yrði það hvað eina upp skrifað, ætla ég að öll veröldin mundi ekki rúma þær bækur, sem, þá yrðu ritaðar.“ (Jh 21:25).

Leynardómar Krists voru opinberaðir postulunum og spámönnum Hans (Ef 3:5), sem ásamt Kristi mynda undirstöðu kirkju þeirrar sem Kristur stofnaði og byggði á Pétri postula,-- kirkjunni, sem undir stjórn og varðveislu Heilags anda, nýtur verndar gegn mistúlkun á orði Guðs og frá því að verða munaðarlaus. (Jh 14:16-19). Þessu til áréttingar áminnir Páll postuli Tímóteus, biskup og arftaka postulanna: „Ef einhver fer með annarlegar kenningar og fylgir ekki hinum heilnæmu orðum Drottins vors Jesú Krists og því, sem guðrækni vor kennir, þá hefur hann ofmetnast og veit ekki neitt.“ (1Tm 5:3) Og til frekari áherslu á hið rétta kennivald bætir hann við: „Og það sem þú heyrðir mig tala í margra votta viðurvist, það skalt þú fá í hendur trúum mönnum, sem líka munu færir um að kenna öðrum.“ (2Tm 2:2) Í bréfi sínu til Tímóteusar lofar Páll postuli Tímóteus einmitt fyrir að halda í heiðri munnmæli postulanna, erfikenninguna, með eftirfarandi orðum: „Ég hrósa yður fyrir það að þér í öllu minnist mín og haldið fast við kenningarnar, eins og ég flutti yður þær.“ (1Kor 11:2) Það er því frumkirkjan, Kaþólska kirkjan, sem stendur traustum fótum bæði á Heilagri ritningu og sönnum erfikenningum, sem vísað er til í Heilagri ritningu sem: „stólpi og grundvöllur sannleikans“ (1Tim 3:15) Þetta er hin Kaþólska kirkja, sem tók saman hin helgu skrif Biblíunnar til útgáfu á kirkjubinginu í Karpagóborg árið 397, varðveitti hana öldum

saman og afritaði fyrir tilstilli munna þar til á fimmtánda öld, þegar prentverkið var fundið upp.

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn